

HUGMYNDAHÚS REYKJANESS

Nýsköpun – Miðvikudaginn 29. október kl. 20:00

Formenn:

Þorvaldur Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri Verne Global

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Kadeco

Hnitmiðuð greinargerð:

Á öðrum fundi vinnuhópa Hugmyndahúss Reykjaness um nýsköpun mættu eins og á fyrsta fundinum, vel á fjórða tug fundarmanna. Formenn vinnuhópsins settu fram strax í upphafi uppbyggingu fundarins í samræmi við það fordæmi sem sett var á fundinum um orkufrek tækifæri:

1. Skilgreining nýsköpun – Nýsköpun er ný eða marktækt betri afurð (þjónusta eða hlutur), framleiðsluferli, leið til sölu- eða markaðssetningar, stjórnunaraðferð eða skipulagsfyrirkomulag innan fyrirtækis eða stofnunar. Nýsköpunin getur ýmist verið ný fyrir tiltekið fyrirtæki, land, markaðssvæði eða heiminn allan. Til þess að teljast nýsköpun verður afurðin, ferlið eða aðferðin að komast í gagnið. Þannig geta nýjar afurðir ekki talist nýsköpun nema þær fari á markað. Hið sama má segja um ný ferli og aðferðir. Þær teljast aðeins nýsköpun sé þeim hrint úr vör innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar. Til nýsköpunarstarfsemi telst öll sú starfsemi, hvort sem hún er á sviði vísinda, tækni, stjórnunar, fjármála eða markaðsmála, sem ætlað er að leiða til nýsköpunar.
2. Opin leit að hugmyndum – Fundarmenn varpa fram hugmyndum og útskýra á einfaldan hátt, hugmynd skráð.
3. Hugmyndir greindar eftir framlögðum lista um verðmæti, laun, fjölda starfa, orkuþörf, menntunarkröfur, staðsetningu o.s.frv.

Umræður sköpuðust um skilgreiningu á hugtakinu nýsköpun þar sem sérstaklega var komið inn á nýsköpun í þjónustu en ekki bara framleiðslu. Rætt var um sprotahugsun sem „spin off“ í samræmi við að þróa vöru eða þjónustu lengra. Enn fremur var rætt um að tengja mismunandi þætti saman og klasafræðina. Viðskiptahugmyndir fjalla ekki alltaf um að finna upp nýja hluti heldur eru þetta oft þekktir hlutir eða aðferðir í nýjum búningi. Lággjaldaflugfélög fundu ekki upp flugið en gjörbreyttu öllum strúktúr í flugheiminum. Dæmi voru lögð fram um nýsköpun í glersmíði sem sett var upp nálægt kaffihúsi, góð sprotafyrirtæki á svæðinu sem náð hafa að skjóta rótum; HS, Bláa Lónið, Kaffi Tár, Alex, Keilir o.s.frv. Reykjanes er miðpunktur alheimsins og suðupottur tækifæra. Oft hefur verið látið í veðri vaka að frumkvöðlar séu þessir aðilar sem knúnir eru áfram af kjarki og þor og nú sé þörf á slíkum krafti þar sem neyðin kennir nakinni konu að spinna. Hvernig getum við t.d. nýtt breytingar í gjaldeyrismálum í ferðaþjónustu? Fram kom að gagnaverið á Vallarheiði sé einmitt dæmi um srotafyrirtæki eða geðveiki.

Eftir að búið var að fara í gegnum skilgreiningarferlið var gengið beint til verks með framsetningu hugmyndanna.

Eftirfarandi hugmyndir voru reifaðar:



1. **Spartlverksmiðja** með áherslu á nýtingu séríslenskra jarðefna; sprunguspartl, útspartl til að heilspartla hús að utan. Notast við ýmiss jarðefni í ýmsum litum.
2. **Húsklæðningar** með skófum og fléttum. Gróum er safnað saman í næringarblöndu og úðað á hús þar sem þau eru látin vaxa. Skóf eru harðgerð, litamörg og áföst.
3. **Virkja meira eldri og reynslumeiri íbúa**; ef frumlegt skal byggja að fortíð skal hyggja.
4. **Ljósnott** og ný tækifæri. Markaðssetja nýjungar á Ljósanótt, skapa meira „spin off“.
5. **Atvinnuþróunarsýning** á næstu Ljósanótt sem er þá orðin 10 ára.
6. **Framleiðsla á ljóskerum** við nýjar áherslur á markaði og nýjar kröfur.
7. **Öryggi tölvukerfa** í samræmi við ný lög ESB. Þ.e. hvernig starfsfólk er upplýst um öryggismál tölvukerfa.
8. **„Game Camp“** - Tengingar í tölvugeiranum með tölvuverum, gagnaverum, Lan-setrum, tölvuleikjagerð, öryggismálum o.s.frv. Tölvuleikjaframleiðsla stærri markaður en kvikmyndir.
9. **Nýtt nám hjá Keili** þar sem áherslan er lögð á samnefnara allra þeirra nýju fyrirtækja sem hér eru að skjóta rótum; álver, gagnaver, kísilflöguverksmiðja o.s.frv.
10. **Rannsóknarsetur** út frá frumkvöðlasetri Keilis, Eldey.
11. **Nýtt nám hjá Keili fyrir hótélgeirann** þar sem oft skortir hæft starfsfólk yfir álagstímann.
12. **Slökkviliðsskóli** með áherslu á að útbúa alþjóðlegan þjálfunar „center“ vegna flugvélaelda ásamt því að styðja aðrar stofnanir í flugöryggi. Byggt á reynslu varnarlíðsins.
13. **Stofnkostnaðar-ráðgjöf** þar sem kynntar eru fjármögnunarleiðir fyrir frumkvöðla.
14. **Sjóðir ESB og ráðgjafarmiðstöð** til að auðvelda aðilum til þess að sækja í flókið sjóðakerfi. Sjóðakerfið kortlagt og markvisst sótt á þau mið.
15. **Nýsköpunarsetur** fyrir starfsfólk úr fjármálageiranum. Nýta þá þekkingu og reynslu sem bankastarftsmenn búa yfir og skapa grunnvöll fyrir sölu upplýsinga úr greiningardeildum. Byggt á úttektarreynslu, álagsprófum o.s.frv. Verkfræðingar að koma út úr fjármála fyrirtækjum.
16. **„Transit“ farþegar** og nýr hugsunarháttur til þess að sækja á þann markhóp t.d. með Bláa Demantinum.
17. **Nýtt gildismat** fyrir íslenskt samfélag þar sem byggt er á umhverfisvernd, endurvinnslu og grænni ímynd. Stórt prósentuhlutfall af rusli eru matarafgangar.
18. **Köfun** sem ferskari liður í ferðaþjónustu Íslands.
19. **Vatnsútflutningur** í ýmsum myndum og með allskonar áherslum.
20. **Umhverfisvænsta laxeldi í heimi** byggt á jarðvarma þar sem sjór væri hitaður upp í 12 °C sem eru kjöraðstæður og affallið filterað í áburð til að hefta fok.
21. **Þróunarstöð fyrir umhverfisvænna flugvéla eldsneyti** á Keflavíkurflugvelli.
22. **Aukið vægi kvenna** í atvinnulífinu sem nýsköpun og leið til að fá víðara sjónarhorn á hlutina.
23. **Aukið framboð á orku** er ein af forsendum nýsköpunar. Skilgreina þarf orkusölu betur, byggja á meiri virðisauka, skilgreina fleiri þrep í fullvinnslu afurða og umbreytingarferlinu.
24. **Orkuskortur í heiminum** en við höfum forsendur fyrir meira framboði og getum valið úr eftirspurninni. Þar liggja tækifæri í nýsköpun.
25. **Hákarlsverkun** byggð á nýjum forsendum þar sem sporðurinn og ugginn er seldur til Asíu með hliðsjón af lýsisgerð þar sem ensím eru notuð til framleiðslunnar.
26. **Sjárvarfallsvirkjarnir** neðansjárvar og möguleikar hafstraumanna.
27. **Vatnsleikjagarður** á Reykjanesi byggt á affalli Reykjanesvirkjunar með öllu tilheyrandi eins og sérstakri lýsingu; vatn og rafmagn. Tengt Bláa Demantinum.
28. **„Outlet“** við Reykjanesbraut tengt Bláa Demantinum byggt á nýjum forsendum þar sem fólk vill versla ódýrt og fyrirtæki losa sig við lager; fatnaður, húsgögn, bílar o.s.frv. (Á motopark?).

29. **Heilsulind** þar sem boruð verði hola með það að markmiði að nýta eingöngu uppbyggingarmöguleika fyrir „spa“ og heilsutengda starfsemi. T.d. í Eldvörpum eða í Trölladyngju.
30. **Tau-„frisbee“ -diskur sem má krumpa saman og útfæra í ýmsum stærðum**
31. **„Frisbee“ -diskur með kastpöng.**
32. **„Jójófrisbee“ -diskur.**
33. **Veiðiflugdreki til fiskveiða.**
34. **Þyrlukasttæki til fiskveiða.**
35. **Fljúgandi diskur** sem er flugfar er byggir á nýju lögmáli til að fleyta sér áfram í lofthjúp jarðar.

Eftir að hugmyndir voru lagðar fram og ræddar var farið yfir greiningu þeirra sem unnin verður áfram. Ýmislegt kom fram um nýsköpun og skilgreiningu á því hugtaki. Margir vildu meina að það væri kaldhæðnisleg staðreynd að fordómar gagnvart nýsköpun væru víða. Margir dá nýsköpun og frumkvöðla en að sama skapi væri rætt um að í þessum geira væru yfirleitt annaðhvort furðufuglar eða kjarneðlisfræðingar. Erfitt væri oft að nálgast áhættufjármagn og viðkvæðið yfirleitt að um of litlar upphæðir væri að ræða. Og af hverju að fara í slíka iðju þegar þú getur farið í bankann og keypt hlutabréf með mikilli arðsemi eða keypt Sterling tvisvar eða þrisvar. Eyða þarf fordómum gagnvart nýsköpun. Almenna reglan er að í mesta lagi 2 af hverjum 10 nýsköpunarverkefnum nái árangri. Því þarf þolinmæði og umburðarlyndi gagnvart aðilum í nýsköpun og mikilvægt er að skapa umhverfi sem er hægstætt er til nýsköpunar með tilliti til langtímahagsmuna. Markaðurinn hefur verið afar seinn að fyrirgefa mistök og litlir möguleikar oft í stöðunni ef þú hefur klikkað einu sinni til að byrja á nýjan leik. En tækifærin felast í þekkingunni og virkjun hennar. Í efnahagserfiðleikum og atvinnuleysi losnar um mikinn kraft á markaðnum sem nýta má til framfara. Því er nauðsynlegt að skapa réttan grundvöll þannig að sú óbeislaða orka sem býr í þeim einstaklingum sem eru án atvinnu sé nýtt til að leggja grundvöllinn að framtíðaruppbyggingu. Sem dæmi um stórfyrirtæki sem þróast hefur úr efnahagsþrengingum eru fyrirtæki eins og Nokia í Finnlandi. Því má bæta við að árið 1994 voru 790 manns atvinnulausir í Reykjanesbæ en þá var gert átak og sótt fram. Nýsköpun átti þar stóran þátt þó margt hafi ekki gengið eftir. Vitanlega gengur ekki allt upp en dæmi um annað eru þó fjölmörg; Marel byrjaði á því að tveir háskólanemar voru að fikta við vigtir, Bakkavör byggðist upp úr bræðrum í skúr út í Garði að fikta með hrogn, Össur setti undi sig lappirnar o.s.frv. Að lokum má nefna dæmi um þrjá frumkvöðla sem hrökkludust úr skóla snemma í messunni („high school drop outs“) og stofnuðu eftirfarandi fyrirtæki; Microsoft, Dell, Oracle...

Virkjum meira...

Virðingarfyllst,

Kjartan Þór Eiríksson